

M-32/2009 Álit 30. júní 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. júní 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á ísskáp og fleiri heimilistækjum hjá Z. 31. ágúst 2006. Við rekstri Z. mun Y hafa tekið og beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að því fyrirtæki. Álitsbeiðandi segir þau tæki sem hann keypti vera gölluð og krefst þess að Y. geri við þau sér að kostnaðarlausu og ábyrgð seljanda á tækjunum framlengist um 2-3 ár vegna þeirra viðgerða. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að Y greiði í bætur fyrir skemmdir á matvælum í frysti ísskápsins kr. 48.000 og í kæli kr. 25.000 eða samtals kr. 73.000.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 11. maí sl., og óskaði eftir því að andsvör bærust fyrir 25. maí. Seljandi fékk síðar þann frest framlengdan til 9. júní og bárust andsvörin þann dag. Með bréfi, dags. 15. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 22. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 23. júní, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 31. ágúst 2006, keypti álitsbeiðandi xxx ísskáp, xxx ofn, xxx ker og xxx eyjuháf í nýja eldhúsinnréttingu fyrir samtals kr. 344.100. Voru þessi kaup gerð samkvæmt tilboði frá Z. sem er dags. sama dag. Tækin biluðu og var viðgerðarmaður kallaður til og álitsbeiðnina verður að skilja á þann veg að hann hafi verið á vegum seljanda þótt ekki sé það fullljóst. Álitsbeiðandi lýsir biluninum svo í álitsbeiðni:

„Það sem var að tækjunum að mati viðgerðaraðila var pressan í ísskápi, það var skipt um hana. Stýrikerfi á ofni fór á tveimur stöðum og það losnuðu tengingar í háfi. Um það bil tveimur árum síðar í desember 2008 fer að bera á því að ísskápurinn er hættur að kæla og frysta. Við reyndum að skoða ísskápinn og prufa okkur áfram með því að lesa okkur til um ísskápinn til þess að reyna að fá hann til að starfa eðlilega. Þetta dugði í smátíma og reyndum við því aftur en ekkert gekk, við höfum oftast en einu sinni þurft að henda mat, bæði úr ísskáp og frysti vegna þessa. Um svipað leyti fer að bera á því að ofninn er hættur að virka og viftan virkar ekki heldur. Við leitum til rafvirkja úti bæ í desember 2008 til að koma og skoða tækin og hvort eitthvað gæti verið athugavert við rafmagnið eða leiðslur í húsinu, svo reyndist ekki. Við fórum því í Z þar sem við keyptum vöruna, sú verslun reyndist ekki vera lengur til en starfsemin verið flutt til Y. en við vissum ekki um fyrr en seinna um sameiningu þeirra tveggja fyrirtækja.“

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda sem lögmaður hans ritar er því haldið fram að álitssbeiðanda hafi ekki tekist að sanna að raftækin séu gölluð í skilningi neytendakaupalaga. Það sé fjarstæðukennt að þrír söluhlutir sem hafi litla bilanatíðni séu allir með mjög eðlislíka galla. Líklegri skýring á því sé að bilanirnar megi rekja til atvika er varði álitssbeiðanda sjálfan, s.s. rafmagnsmála á heimili hans eða annars aðbúnaðar. Álitssbeiðandi hafi ekki sannað að gallarnir hafi verið fyrir hendi á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut hafi flust á milli aðila. Neytanda beri að tilkynna seljanda galla innan 3 mánaða frá því að hann hafi orðið hans var en það hafi álitssbeiðandi ekki gert. Álitssbeiðandi segist hafa orðið gallans var í nóvember 2008 og leitað til rafvirkja í desember s.á. Hann hafi hins vegar ekki tilkynnt seljanda gallann fyrr en 30. mars 2009 eða rúmum 5 mánuðum síðar og ekkert hafi komið fram um að sérreglur um lengri tilkynningarfrest eigi við. Réttur álitssbeiðanda sé því klárlega fallinn niður en lögmaðurinn heldur því fram með ýmiss konar rökstuðningi að frestur álitssbeiðanda til þess að bera fyrir sig gallann sé ekki lengri en tvö ár.

Þá er bent á í andsvörunum að í ábyrgðarskilmálum sem undirritaðir hafi verið af álitssbeiðanda við kaupin komi fram að vörur falli úr ábyrgð geri aðrir aðilar en þeir sem sérstaklega séu tilgreindir geri tilraun til viðgerða eða skoðunar. Álitssbeiðandi hafi með því að láta aðra aðila „fikta“ í tækjunum fyrirgert rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla á þeim.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitssbeiðanda og fyrirtækisins Y. f.h.. Z falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Að framan er rakið að álitssbeiðandi keypti hinn 31. ágúst 2006 ísskáp og önnur tæki í eldhús. Fram kemur í álitssbeiðni að bilanir hafi orðið í ísskáp og ofni og tengingum í háfi.

Almennt verður að telja að heimilistæki eins og hér um ræðir eigi að geta enst bilanalaust eða a.m.k. bilanalítið í 5-10 ár og jafnvel lengur. Þetta leiðir til þess að kæruneftndin telur að álitssbeiðandi eigi rétt á kvörtunarfresti samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. í 5 ár. Skiptir að áliti kæruneftdarinnar ekki máli hvort þessir gallar voru fyrir hendi þegar álitssbeiðandi tók við tækjunum heldur það hvort gallarnir komu fram á ákveðnum tíma eftir að kaupin fóru fram. Það er og álit kæruneftdarinnar að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja að byggja verði á því að álitssbeiðandi hafi kvartað út af þeim göllum sem hann nú telur vera á tækjunum án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003.

Lögmaður seljanda segir í andsvörum að sú skýring líklegri á biluninum að þær megi rekja til atvika er varði álitssbeiðanda sjálfan, s.s. rafmagnsmála á heimili hans eða annars aðbúnaðar. Seljandi virðist þó ekki hafa fyrir sitt leyti gengið úr skugga um hverjar þær bilanir væru sem álitssbeiðandi kvartaði síðast undan og lýst er í álitssbeiðni hans eða af hverju þær kynnu að stafa. Kæruneftndin telur að hún verði við úrlausn

málsins að byggja á því að lýsing álitsskiptinga á þeim göllum sem hann segir vera á heimilistækjunum sé út af fyrir sig rétt. Það er því álit kærunevndarinnar að söluhlutirnir séu haldnir göllum í skilningi ákvæða 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, og að seljandi beri ábyrgð á þessum göllum enda ekkert leitt í ljós að þeir stafi af rangri notkun álitsskiptinga á tækjunum.

Þegar um galla er að ræða eins og í þessu tilviki á kaupandi kost á úrræðum vegna þeirra og er þeim lýst í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Í b-lið 1. mgr. segir að neytandi geti valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. laganna. Álitsskiptandi hefur krafist þess að seljandi geri við tækin á sinn kostnað og er það niðurstaða kærunevndarinnar að seljandi beri skylda til þess enda verður ekki séð að fyrir hendi sé hindrun á því sem seljandi ræður ekki við eða það hafi í för með sér ósamngjarnan kostnað fyrir seljanda, sbr. ákvæði 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003. Úrbæturnar á seljandi að gera í samræmi við ákvæði 1. mgr. 30. gr. laganna, þ.e. að þær á að gera án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir álitsskiptanda, innan hæfilegs tíma og þannig að álitsskiptandi fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Álitsskiptandi gerir kröfu til þess að ábyrgð vegna viðgerða á heimilistækjunum framlengist um 2-3 ár. Að framan er því slegið föstu að ábyrgð á framangreindum heimilistækjum sé 5 ár samkvæmt ákvæðum 2. málslíðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Enda þótt seljandi sé gert skylt að bæta úr þeim göllum sem koma fram á þessu árabili er ekki berum orðum gert ráð fyrir því í lögum nr. 48/2003 að sama ábyrgð sé á þeim galla sem bætt hefur verið úr en kann að koma fram eftir að eftir fimm ára tímamarkinu er náð. Þó verður að skýra lögin svo, sé söluhlutur í fimm ára ábyrgð á annað borð, að nýtt fimm ára ábyrgðartímabil byrji að líða að nýju frá því að bætt var úr þeim göllum komu fram á upphaflega fimm ára tímabilinu, þótt það sé liðið, sé ljóst að úrbótum á þeim göllum hafi verið ábótavant á sínum tíma eða til þeirra notaðir varahlutir sem haldnir eru galla. Kærunevndin álitur því að kröfur álitsskiptanda um framlengingu ábyrgðar megi taka til greina með þessum fyrirvörum.

Álitsskiptandi hefur krafist skaðabóta vegna þess að matvæli hafi skemmst í ísskápnum og þeim hafi þurft að henda. Í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 48/2003 segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Þetta ákvæði laganna nær til bóta fyrir fjárhagslegt tjón sem neytandi verður fyrir vegna galla á söluhlut, en ekki fyrir óþægindi sem geta verið samfara gallanum. Krafa álitsskiptanda um bætur er ekki studd neinum gögnum og ekki sundurliðuð nema að því leyti að hann segir að í frysti ísskápsins hafi skemmst matvara fyrir kr. 48.000 og í kæli fyrir kr. 25.000. Kærunevndin hefur þannig hæpnar forsendur til þess að meta það tjón sem álitsskiptandi segist hafa orðið fyrir. Kærunevndin telur hins vegar að allmiklar líkur séu á að álitsskiptandi hafi orðið fyrir einhverju tjóni vegna bilunar í ísskápnum en telur jafnframt að hafa verði í huga ákvæði 1. mgr. 54. gr. laga nr. 48/2003 þar sem lögð er sú skylda á sanningsaðila, þ.e. álitsskiptanda í því tilviki sem hér um ræðir, að takmarka tjón sitt með sanngjörnum ráðstöfunum. Með framangreint í huga telur kærunevndin hæfilegt að seljandi greiði álitsskiptanda kr. 25.000 í skaðabætur fyrir skemmdir á matvælum.

VI
Álitsorð

Seljandi, Y, ber að lagfæra þá galla sem eru á heimilistækjum sem álitsbeiðandi, X, keypti hjá Z 31. ágúst 2008 og greiða honum kr. 25.000 í skaðabætur. Um ábyrgð á viðgerðinni fer eftir því sem fyrr segir í álitinu.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir